

Fundargerð

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls

21. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn í fundarherbergi Skóla- og velferðarþjónustu í Hveragerði miðvikudaginn 17. maí 2017 kl 16.00. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Ásmundur Lárusson, Sigurbára Rúnarsdóttir og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

1. Endurmenntunarsjóður grunnskóla.

Skóla- og velferðarþjónusta fékk styrk úr endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir árið 2017-2018 að upphæð kr. 540.000 Þau verkefni sem fengu styrk voru:

Málproskaraskanir grunnskólabarna.

Fyrirlestur um sjálfsmynd grunnskólabarna.

Kennum skapandi hugsun og frumkvæði.

Háværir strákar og sætar stelpur.

Kveiktu á perunni –íslenska á mið- og unglíngastigi.

ART- upprifjunarnámskeið.

Hugmyndir að verkefnum í myndmennt, hönnun, smíði og textílmennt.

Hreyfing og skóladaðurinn.

2. Lagt fram til kynningar úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi- Samantekt um helstu atriði lokaskýrslunnar.

https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Samantekt_Lokautgafa.pdf

3. Kvöld- og helgarþjónusta. Hveragerðisbær hefur aukið félagslega heimaþjónustu þannig að nú er boðið upp á þjónustu um kvöld og helgar. Gerður hefur verið samningur til 3ja mánaða við sjálfstætt starfandi sjúkraliða sem mun sinna þessari þjónustu til að byrja með.

4. Endurskoðun á reglugerð um sérstakan húsnæðisstuðning – hækkun frítekjumarka. Félags- og jafnréttismálaráðherra hefur staðfest breytingu á reglugerð um húsnæðisbætur sem hækkar þau viðmið tekna sem leigjendur geta haft áður en þær skerða rétt þeirra til húsnæðisbóta. Með breytingunni verður frítekjumark þess sem býr einn 3.373.000 kr. (var 3.100.000 kr.), ef tveir eru í heimili verður frítekjumarkið 4.461.064 kr. (var 4.100.000 kr.), ef þrír eru í heimili verður frítekjumarkið 5.222.710 (var 4.800.000 kr.) og ef heimilismenn eru fjórir eða fleiri verður frítekjumarkið 5.657.936 (var kr. 5.200.000).

Bókun: Nefndin leggur til að viðmið tekna í reglugerð um sérstakan húsnæðisstuðning verði hækkuð í samræmi við ofangreind frítekjumörk.

5. Trúnaðarmál (4 mál skráð í trúnaðarbók).

Sigurbára Rúnarsdóttir óskar eftir að víkja af fundi undir lið 4 í trúnaðarmálum.

Vék af fundi kl 16.20 og kom inn á fund aftur kl 16.35.

Fundi slitið kl 17.15

SR
KOS
ETA
wf. k
dk
BFB
BL

Bryndís A. Böðvarsd.

Bryndís Böðvarsdóttir, formaður

Unnur Þormóðsdóttir

Unnur Þormóðsdóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Hörður Óli Guðmundsson

Sigurbára Rúnarsdóttir

Sigurbára Rúnarsdóttir

Eyrún Hafþórsdóttir

Eyrún Hafþórsdóttir

Bjarney Vignisdóttir

Bjarney Vignisdóttir

Ásmundur Lárusson

Ásmundur Lárusson

María Kristjánsdóttir

María Kristjánsdóttir